

## AUGLÝSING

1

30. jan.

## um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 2 29. jan. 1960 þannig, að tollstofnanir skuli ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

*Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjargeyjar Péturs- 2**  
dóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 4. jan. 1960. 4. jan.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Bjargeyjar Pétursdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargeyjar Pétursdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Zontaklúbb Akureyrar til minningar um Bjargeyju Pétursdóttur kaupkonu, Akureyri, sem var ein af stofnendum klúbbsins og félagi til æviloka.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði.

## 4. gr.

Markmið sjóðsins er að varðveita Nonnahús á Akureyri og myndun Nonna-safns þar. Auk þess að stuðla að hvers konar menningar- og mannúðarmálum, sem Zontaklúbburinn hefur á dagskrá hverju sinni.

## 5. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með sölu á minningarspjöldum. Enn fremur tekur hann við gjöfum og áheitum.

## 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 konum úr Zontaklúbb Akureyrar og skulu þær kosnar á aðalfundi til tveggja ára.

B 1